

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 3. júní 2026

Mál nr. S-7505/2025:

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

(Kamilla Kjerúlf aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögmaður)

Dómur

I

Ákæra, málsmeðferð og dómkröfur

- Mál þetta, sem dómtekið var 11. maí 2026, var höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu 23. desember 2025, á hendur X, kt. [...], [...],

„fyrir umsáturseinelti, móðganir sem fólu í sér stórfelldar ærumeiðingar og brot gegn nálgunarbanni, á tímabilinu 29. mars 2023 til [27. júlí] 2023, gagnvart A, fd. [...], [...] eiginmanni hennar, eins og nánar greinir:

- Með því að hafa, á tímabilinu 29. mars til 18. júní 2023, sett sig í samband við A með því að senda 222 óvelkomna tölvupósta úr netföngunum [...] og [...] á netfangið [...], sem innihéldu meðal annars hótanir og móðganir sem fólu í sér stórfelldar ærumeiðingar, en háttsemi ákærðu var til þess fallin að valda A hræðslu eða kvíða.

M: 007-2023-[...]

- Með því að hafa, á tímabilinu 22. júlí til [27. júlí] 2023, sett sig í samband við A með því að senda sjö óvelkomna tölvupósta úr netfanginu [...] á netfangið [...], [...], en háttsemi ákærðu var til þess fallin að valda A hræðslu eða kvíða, þrátt fyrir að henni hafi verið bannað að setja sig í samband við hann, sbr. ákvörðun lögreglustjóra um nálgunarbann þann 22. júní 2023.

M: 007-2023-[...]og 007-2023-[...]

- Með því að hafa, á tímabilinu maí til júní 2023, í heimildarleysi skráð sig inn á Facebook aðgang A og í hans nafni skrifað 35 ærumeiðandi ummæli um hann á

vegg aðgangs hans og sent 35 aðilum á vinalista A á Facebook skilaboð með ærumeiðandi ummælum og einnig skrifað [fern] ærumeiðandi ummæli um hann á hennar eigin Facebook aðgangi, en ummælin voru til þess fallin að meiða æru hans á stórfelldan hátt.

M: 007-2023-[...]

Telst háttsemi í ákæruliðum 1 [og] 3 [...] varða við 233. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að auki telst háttsemi samkvæmt 1.–2. tölulið varða við 232. gr. a og háttsemi samkvæmt 2. tölulið varða við 1. mgr. 232. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Þá gerir Sigurður Freyr Sigurðsson, lögmaður, fyrir hönd brotaþola, A, fd. [...], þá kröfu að ákærðu verði gert að greiða miskabætur að fjárhæð kr. 1.500.000,- auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 1. mars 2023 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist að ákærðu verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun, verði þóknun réttargæslumanns ekki greidd úr ríkissjóði.“

2. Málið var þingfest 27. janúar 2026 og neitaði ákærða sök samkvæmt ákæru og hafnaði bótakröfu. Málinu var frestað til aðalmeðferðar til 29. apríl 2026 og hófst aðalmeðferðin þann dag en var fram haldið 11. maí 2026 og dómtekið síðast greindan dag að lokinni skýrslutöku af brotaþola og munnlegum málflutningi.
3. Ákærvaldið gerir sömu dómkröfur og greinir í ákæru og hið sama á við um bótakrefjanda. Ákærða krefst þess aðallega að ákæru verði vísað frá dómi, til vara er krafist sýknu, til þrautavara er þess krafist að ákærðu verði ekki gerð refsing og til þrautþrautavara er krafist vægustu refsingar sem lög leyfa og verði dæmd fangelsisrefsing verði hún skilorðsbundin að fullu. Þá er þess aðallega krafist að bótakröfu verði vísað frá dómi, til vara er krafist sýknu af bótakröfu og til þrautavara er krafist verulegrar lækkunar kröfunnar. Jafnframt er krafist hæfilegra málsvarnarlauna til handa skipuðum verjanda ákærðu að mati dómsins, sem greiðist úr ríkissjóði.

II

Helstu málsatvik

4. Samkvæmt gögnum málsins mætti brotþoli á lögreglustöð 8. maí 2023 og lagði fram kæru gegn eiginkonu sinni, ákærðu, vegna ærumeiðinga og hótana. Í kæruskýrslu er samantekt á framburði brotþola. Þar kemur m.a. fram að hann hafi kynnst ákærðu nokkrum árum fyrr. Kvað hann samband þeirra hafa frá upphafi einkennst af hótunum ákærðu í hans garð. Brotþoli hafi farið af landinu í mars 2021 og frá þeim tíma hafi hún byrjað að deila upplýsingum um hann á netinu. Ákærða hafi þá tekið upp á því að elta hann út í heim og heimsótt hann nokkrum sinnum. Eftir síðustu heimsókn hennar hafi hann svo komið með henni til landsins 16. október 2022 og þau hafi gengið í hjónaband 12. desember það ár. Brotþoli hafi svo flutt út frá henni 27. mars 2023 og kvað hann ákærðu neita sér um skilnað.
5. Í kæruskýrslunni kemur fram að ákærða hafi brotist inn á og tekið yfir Facebook-reikning brotþola í vikunni áður og hafi þar verið að deila upplýsingum um brotþola og ræða við vini hans og fjölskyldumeðlimi. Hafi brotþoli reynt að ná reikningi sínum til baka en ekki tekist það. Þá hafi brotþoli lagt fram skjáskot af tölvupóstum sem ákærða hafi sent honum, sem og af plakötum með mynd af brotþola sem skrifað hafi verið orðið „rapist“ á og annað sem ákærða hafi deilt í gegnum sinn eigin Facebook-reikning og Facebook-reikning brotþola.
6. Í upplýsingaskýrslu lögreglu koma þær upplýsingar fram að brotþoli hafi greint frá því í kæruskýrslu sinni að ákærða hefði tekið yfir Facebook-reikning hans og þar inni verið að deila um hann upplýsingum, ásökunum og niðrandi ummælum, ásamt því að vera í sambandi við fjölskyldumeðlimi hans og vini í sömu erindagjörðum. Í upplýsingaskýrslunni kemur einnig fram að ákærða hafi fyrir tilviljun komið á lögreglustöð síðar sama dag og brotþoli lagði fram kæru sína. Er haft eftir ákærðu að hún hafi svarað því játandi að hún hafi brotist inn á reikning brotþola og gefið þá skýringu að hún hafi þurft að komast yfir gögn inni á hans reikningi „máli sínu til stuðnings“. Þá hafi hún aðspurð sagst þurfa að koma ákveðnum upplýsingum til skila til ættingja brotþola og vina, þar sem brotþoli hafi „hingað til látið hana líta illa út fyrir þeim“. Kemur fram í skýrslunni að ákærðu hafi verið kynnt að brotþoli hefði lagt fram kæru gegn henni og að til stæði að boða hana til skýrslutöku. Hafi ákærðu verið bent á að „fara gætilega í ákvörðunum sínum vegna þessa máls“ og bent á að hætta að hugsa um brotþola og fara að huga að

sjálfri sér. Jafnframt að héldi hún þessu áfram gæti það endað með því að hún kæmi sér „í vandræði“.

7. Í annarri upplýsingaskýrslu lögreglu kemur fram að áreiti ákærðu í garð brotaþola hafi haldið áfram eftir að hann lagði fram kærú sína og væri hún enn með stjórn á Facebook-reikningi hans. Enn fremur að hún hafi haldið áfram samskiptum við aðila í nafni brotaþola, ásamt því að deila þar opinberlega niðrandi ummælum og ásökunum í hans garð. Hafi því verið farið á heimili ákærðu og hún handtekin 17. maí 2023 í þágu rannsóknar málsins. Ákærða hafi upphaflega veitt samþykki sitt fyrir húsleit á heimilinu og vísað þar á farsíma og þrjár tölvur sem var haldlagt í þágu rannsóknar málsins. Að svo búnu hafi ákærða dregið samþykki sitt fyrir húsleit til baka og ekki hafi verið talin ástæða til frekari leitar.
8. Ákærða var færð á lögreglustöð í framhaldi af handtöku 17. maí 2023 þar sem tekin var af henni skýrsla sama dag með réttarstöðu sakbornings. Þar játaði ákærða að hafa tekið yfir Facebook-reikning brotaþola. Borin voru undir ákærðu gögn af Facebook-reikningi brotaþola og Facebook-reikningi ákærðu, sem og tölvupóstur sem brotaþola hafi borist frá ákærðu á tímabilinu 21. apríl til 15. maí 2023. Ákærða viðurkenndi aðspurð að hafa staðið að baki umræddum tölvupóstsendingum, sem og færslum á Facebook-reikningana. Að lokinni skýrslutöku skrifaði ákærða undir svokallaða Selfoss-yfirlýsingu, þar sem hún lýsti því yfir að hún væri tilbúin að setja sig ekki í samband við brotaþola og tiltekna nafngreinda vinkonu hans, með því að hringja, senda tölvupóst eða með öðrum hætti næstu fjóra mánuðina.
9. Í upplýsingaskýrslu lögreglu, sem er undirrituð 19. júní 2023, kemur fram að ákærða hafi, þrátt fyrir að hafa undirritað framangreint skjal sem kennt er við Selfoss, haldið áfram að áreita ákærða og vinkonu hans bæði opinberlega og í persónulegum samskiptum, m.a. hafi brotaþoli „mátt þola áreiti í gegnum tölvupóstsendingar sem ekkert lát virðist vera á“. Þá segir í skýrslunni að þrátt fyrir aðkomu lögreglu virðist það engin áhrif hafa haft á ákærðu og „[virðist ákærða] hafa haft beinan ásetning til þess að eyðileggja mannorð [brotaþola] og hans möguleika á því að lifa mannsæmandi lífi hvort sem það sé hér á landi eða í hans heimalandi“. Loks segir í skýrslunni að brotaþoli telji sig ekki eiga afturkvæmt til síns heimlands vegna þeirra ummæla og ásakana sem ákærða hafi deilt bæði opinberlega og í persónulegum samskiptum við fjölskyldu hans í [...].

10. Með ákvörðun lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu 22. júní 2023 var ákærðu gert að sæta nálgunarbanni í þrjá mánuði samkvæmt a- og b-lið 4. gr. laga nr. 85/2011 um nálgunarbann og brottvísun af heimili. Með nálgunarbanninu var lagt bann við því að ákærða kæmi á eða í námunda við heimili brotþola, auk þess sem lagt var bann við því að ákærða veitti brotþola eftirför, nálgædist hann á almannafæri eða setti sig í samband við hann með öðrum hætti, svo sem með atbeina samfélagsmiðla, svo og við því að raska friði hans með öðru móti. Ákvörðun lögreglustjóra var birt fyrir ákærðu daginn eftir, 23. júní 2023, og mótmælti hún því, en bar ákvörðunina ekki undir héraðsdóm. Þá var einnig tekin skýrsla af henni vegna málsins þennan sama dag þar sem borin voru undir ákærðu ýmis rannsóknargögn, m.a. tölvupóstar, sem ákærða kannaðist við að hafa sent. Loks var tekin skýrsla af ákærðu hjá lögreglu 2. ágúst 2023 þar sem bornir voru undir hana sex tölvupóstar með tilteknum skilaboðum frá tímabilinu 22. júlí til 27. júlí 2023 og staðfesti ákærða að hafa sent þá.
11. Á meðal gagna málsins er mikill fjöldi tölvupósta, eftir því sem næst verður komist eru þeir yfir 200 talsins, sem dagsettir eru á tímabilinu frá 29. mars til 18. júní (ákæruliður 1), auk þess sem nokkrir póstar bera ekki dagsetningar með sér. Þá eru í rannsóknargögnum sex tölvupóstar sem dagsettir eru á tímabilinu 22. júlí til 27. júlí 2023 (ákæruliður 2). Loks eru á meðal rannsóknargagna Cellebrite-skýrslur þar sem fram koma samskipti eða skilaboð sem send hafa verið á 35 aðila í nafni brotþola, auk þess sem á meðal gagna málsins eru færslur sem hafa verið skrifaðar á Facebook-vegg brotþola og ákærðu (ákæruliður 3).
12. Auk framangreinds er á meðal gagna málsins upplýsingaskýrsla, dags. 23. júní 2023, sem ber undirtitilinn „Tímalína og útlístaun á gögnum málsins“. eru í skýrslunni rakin helstu atvik málsins í tímaröð og tiltekin ummæli rakin og myndir tilgreindar sem deilt hafi verið á Facebook-síðu brotþola. Enn fremur eru í skýrslunni tilgreind orðrétt ummæli úr 13 tölvupóstum sem ákærða hafi sent brotþola á tímabilinu 30. mars til 14. maí 2023. Í skýrslunni er enn fremur rakið að ákærða hafi lagt fram kærú á hendur brotþola 14. september 2021 vegna hótana, en hafi dregið kærúna til baka 10. maí 2022. Ákærða hafi svo aftur lagt fram kærú á hendur brotþola 4. apríl 2023 vegna hótana, líkamsárásar og þjófnaðar. Þann 10. maí 2023 hafi ákærða óskað eftir að fyrri kærúna yrði tekin aftur upp. Ekkert liggur fyrir um það í gögnum málsins hver afdrif þessara tveggja kærú á hendur brotþola hafa verið.
13. Ekki er þörf á að rekja málsatvik frekar.

III

Skýrslutökur fyrir dómi

14. *Ákærða* greindi frá því að hún hefði byrjað samband með brotþola á árinu 2020, þau hefðu gengið í hjónaband 12. desember 2022 og hætt saman 27. mars 2023. Kvað hún þau hafa hætt saman þar sem sambandið hafi verið búið að vera strembið og þau hafi bæði viljað slíta því. Þau væru þó ekki skilin þar sem brotþoli hafi ekki viljað veita *ákærðu* skilnað. *Ákærða* kvaðst svo kjósa að tjá sig ekki frekar um sakarefni málsins eða svara spurningum um verknaðarlýsingu *ákæru*.
15. Aðspurð af verjanda kvað *ákærða* brotþola hafa beitt sig ofbeldi í sambandinu og að mikið valdaójafnvægi hafi verið í því. Kvaðst *ákærða* hafa leitað sér hjálpar eftir að brotþoli fór af heimilinu og hafi hún verið greind með áfallastreituröskun eftir „allt þetta ofbeldi“. Nánar aðspurð kvaðst *ákærða* hafa leitað sér hjálpar í júní 2025, en hún hafi áður verið búin að leita til Bjarkarhlíðar.
16. Beðin um að lýsa því meinta ofbeldi sem brotþoli hafi beitt hana kvað *ákærða* það hafa verið fyrst og fremst andlegt. Þannig hafi hún alltaf þurft að svara í símann þegar *ákærði* var erlendis og hringdi í hana myndsímtal á hverju kvöldi. Eitt skiptið þegar hún hafi ekki svarað hafi *ákærði* brotið síma sinn í bræði og þá hafi *ákærða* skuldað honum nýjan síma. Kvaðst *ákærða* hafa verið undir stöðugri pressu og þurft að sanna sig með því að senda honum og fjölskyldu hans peninga. Þá hafi *ákærða* átt að safna hári og brotþoli hafi ráðið klæðaburði hennar, auk þess sem hún hafi átt að fara í moskuna og lesa kóraninn. Eftir að brotþoli hafi komið aftur til landsins hafi ástandið versnað og hafi hann m.a. snúið hana niður og ekki viljað að hún færi í sund. *Ákærða* hafi þurft að keyra brotþola í og úr vinnu og ef hún hafi verið sein að sækja hann hafi hann talið sig eiga rétt á að fara í spilasal við hlið vinnunnar og sagt að það væri *ákærðu* að kenna ef hann tapaði þar peningum. Aðspurð af verjanda hvort um hafi verið að ræða annað líkamlegt ofbeldi en að snúa hana niður svaraði *ákærða* því til að hann hafi oft bitið hana í bringuna og handleggina og kvaðst hún halda að það hafi verið vegna þess að hann hafi ekki viljað að hún færi í sund. Þá hafi þau eitthvað tekist á en brotþoli verið mun sterkari en *ákærða*. Þegar hann hafi viljað hefta för hennar hafi hann dregið hana inn í herbergi en hann hafi aldrei kýlt hana. Sérstaklega aðspurð kvaðst *ákærða* halda að hún hefði látið brotþola og fjölskyldu hans hafa um tvær milljónir króna og kvaðst hún m.a. hafa

skuldsett sig til þess. Þá lýsti ákærða að brotaþoli hefði talað niðrandi til hennar og hún hafi upplifað það mjög illa. Aðspurð af verjanda kvaðst ákærða ekki telja sig hafa brotið með neinum hætti gegn brotaþola og ekki verið með ærumeiðandi aðdróttanir við hann, en kvaðst hafa svarað honum í sömu mynt.

17. *Brotapoli* kvaðst hafa hitt ákærðu árið 2020 og hún hafi svo orðið eiginkona hans í lok árs 2022 og væru þau enn gift á pappírnum. Kvað hann þau hafa slitið sambandi í mars 2023, en ákærða vilji ekki enn skilja við hann og sé enn að ofsækja brotaþola og reyna að eyðileggja líf hans og núverandi konu/kærustu hans með því að senda hótanir og fleira. Brotapoli kvaðst hafa reynt að hætta með ákærðu áður og þá farið úr landi vegna hennar. Ákærða, sem sé 20 árum eldri en brotaþoli, hafi elt hann til þriggja landa í alls fjögur skipti og svo hafi hún farið aftur með hann til Íslands. Ákærða hafi beitt hann ofbeldi á allan hátt og það hafi verið hann sem vildi hætta með henni. Ákærða hafi hins vegar stundum verið búin að pakka niður öllu hans dóti þegar hann hafi komið heim úr vinnu, svo hún hafi líka viljað slíta sambandinu.
18. Beðinn um að lýsa því nánar hvernig ákærða hafi „eltihrellt“ brotaþola kvað hann hana hafa gert það á mismunandi vegu. Hún hafi reynt að eyðileggja allt í kringum brotaþola, m.a. vini hans og fjölskyldu. Hafi hún m.a. sett mynd af föður brotaþola á Facebook-reikning og sagt að þau væru fjölskylda sem rænir og sett alls konar rangar upplýsingar þar inn. Kvað brotaþoli ákærðu hafa sent honum tæplega 7000 tölvupósta sem hafi innihaldið hótanir. Ákærða vilji eyðileggja brotaþola, núverandi konu/kærustu hans og fjölskyldu og alla sem tengist brotaþola og að ákærða hafi sagt honum að hún hafi öll ráð til þess. Þá hafi ákærða tekið yfir Facebook-reikning brotaþola og póstað þar inn miklu um trú hans, m.a. að Guð hans sé slæmur og að brotaþoli sé illur maður. Það sé erfitt fyrir brotaþola því fjölskylda hans sé mjög trúuð og sé þetta ástæða þess að hann búi ekki nálægt fjölskyldu sinni nú.
19. Aðspurður kvað brotaþoli þetta áreiti ákærðu hafa lagst mjög þungt á huga sinn og kvað þetta vera „eins og refsingu sem ég tek út fyrir eitthvað sem ég hef ekki gert“. Spurður um hvort þetta hafi valdið honum hræðslu og kvíða svaraði brotaþoli því játandi og kvað þetta hafa haft áhrif á daglegt líf sitt og andlega heilsu. Hann sé alltaf hræddur um að eitthvað muni koma fyrir sig, einkum núna þegar hann sé í [...], þar sem ekki sé jafn öflug löggæsla og hér á landi. Kvað hann ákærðu hafa sagt að hún gæti borgað einhverjum til að „magna hlutina“. Spurður hvað hann ætti við með því svaraði brotaþoli að ákærða hafi sagt að hún vildi borga einhverjum til að drepa hann og hafi lögregla á

- Íslandi upplýsingar um að hún hafi reynt það. Aðspurður kvað brotápoli ákærðu hafa verið setta í nálgunarbann gegn honum og hafi hún ítrekað brotið gegn því og hafi aldrei hætt að setja sig í samband við hann. Spurður um hvernig ákærða hafi brotið gegn nálgunarbanninu kvað brotápoli hana hafa sent honum tölvupósta, hringt í hann, elt bíl hans og allt mögulegt til að gera hann svo hræddan að hann færi aftur til hennar. Hafi ákærða notað allar aðferðir til að gera líf hans ömurlegt. Spurður um líðan sína vegna þessa alls kvað brotápoli sig hafa oft langað til að fremja sjálfsmorð og kvaðst hafa verið nálægt því en hætt við eftir að hafa rætt við núverandi konu sína sem sé menntuð á þessu sviði.
20. Nánar aðspurður kvað brotápoli ákærðu hafa farið inn á Facebook-reikning hans og sett þar inn ýmislegt um brotápoli og einnig hafi hún sent slík skilaboð með röngum upplýsingum á fjölskyldu hans og vini í gegnum Messenger-appið á hans reikningi. Þá hafi ákærða einnig skrifað ummæli um hann á sinn eigin reikning. Hafi ákærða viljað með þessu eyðileggja mannorð brotápoli, núverandi konu/kærustu hans og fjölskyldu.
21. *Lögreglumaður B* gaf skýrslu fyrir dómi og staðfesti þær skýrslur sem hún ritaði, sem voru m.a. kæruskýrslan, skýrslur af ákærðu og ýmsar upplýsingaskýrslur. Kvaðst lögreglumaðurinn hafa séð um rannsókn þess hluta málsins sem ákært er fyrir í ákæru-liðum 1 og 3. Aðspurð kvað vitnið brotápoli hafa greint frá því í kæruskýrslu sinni að hann hafi farið frá ákærðu og þá hafi hafist mikið áreiti og hótanir í hans garð. Hafi ákærða tekið yfir Facebook-reikning brotápoli og sent mikið á fjölskyldu hans og vini í [...]. Einnig hafi ákærða sent á þessa aðila af sínum eigin Facebook-reikningi. Brotápoli hafi lagt fram bæði tölvupóstsendingar sem hann hafi fengið frá ákærðu og einnig skjáskot af „plakötum“ sem hún hafi átt að hafa sett upp einhvers staðar. Kvaðst vitnið hafa farið inn á Facebook og séð á vegg ákærðu hverju hún hafi deilt þar, sem og af vegg brotápoli, sem ákærða hafði þá yfirtekið. Hafi verið um mjög mikið magn af tölvupóstum að ræða, en fleiri mál hafi þó verið til rannsóknar og einhver þeirra hafi verið felld niður svo vera kunni að eitthvað af tölvupóstunum hafi tilheyrt þeim málum.
22. Lögregla hafi farið í húsleit heim til ákærðu þar sem hún hafi ekki látið af þessari háttsemi þrátt fyrir ítrekaðar aðvaranir. Hafi ákærða þannig haldið áfram að senda á ættingja, brotápoli og vini og lögregla því talið nauðsynlegt að fara og haldleggja tölvur og síma, sem hafi verið gert. Kvaðst vitnið muna eftir að hafa í húsleitinni séð miða með verkefnalista um það sem ákærða hafi ætlað að gera gagnvart brotápoli. Þar hafi m.a. staðið að hún ætlaði að prenta út „plaköt“ með niðrandi mynd og skilaboðum. Engin

slík „plaköt“ hafi fundist við húsleitina, en brotþoli hefði áður sent lögreglu skjáskot með mynd af honum þar sem á hafi staðið „Rapist“ og eitthvað fleira.

23. Tekin hafi verið skýrsla af ákærðu eftir húsleitina og ákærða hafi þar játað allt, m.a. að hafa brotist inn á Facebook-reikning brotþola. Hafi ákærðu ekkert óeðlilegt fundist við þetta og talið sig vera að gera rétt þar sem hún væri að „segja sína sögu“. Í lok skýrslutökunnar hafi ákærða skrifað undir svokallaða Selfossleið, en það hafi gengið mjög illa. Þess vegna hafi henni verið gert að sæta nálgunarbanni og hafi hún einu sinni verið boðuð í skýrslutöku vegna gruns um að hún hafi brotið gegn nálgunarbanninu.
24. *Vitnið C, sálfræðingur*, gaf skýrslu fyrir dómi og staðfesti sálfræðimat sitt sem lagt var fram af hálfu ákærðu. Kvaðst vitnið vera sálfræðingur hjá Pieta samtökunum sem væru samtök fyrir fólk með sjálfsvígshugsanir og sé þar veitt aðstoð og sálfræðimeðferð. Kvað vitnið ákærðu fyrst hafa leitað til samtakanna í júní 2025 og hafi hún verið í meðferð hjá vitninu frá þeim tíma. Lýsti vitnið helstu niðurstöðum sínum á sama veg og fram kemur í vottorðinu, en þar kemur m.a. fram að hún hafi verið greind með [...] og áfallið hafi verið það ofbeldissamband sem ákærða hafi verið í. Hafi ákærða rakið einkenni sín til brotþola. Aðspurð kvað vitnið tilfelli ákærðu örugglega vera alvarlegasta tilfellið sem vitnið hefði fengið til sín. Ákærða hefði öll skolfið og verið með mjög alvarleg einkenni. Hafi ákærða skorað 79 í skimun fyrir áfallaeinkennum en hámarkið á skalanum sé 80.

IV

Niðurstaða

25. Ákærðu er í máli þessu gefið að sök umsáturseinelti, móðganir sem fólu í sér stórfelldar ærumeiðingar og brot gegn nálgunarbanni með nánar tilgreindum hætti eins og greinir í ákæru í þremur ákæruliðum. Í *ákærulið 1* er ákærðu gefið að sök að hafa sett sig í samband við brotþola á tímabilinu 29. mars til 18. júní 2023 með því að senda honum 222 óvelkomna tölvupósta sem innihéldu m.a. hótanir og móðganir sem fólu í sér stórfelldar ærumeiðingar og jafnframt að háttsemin hafi verið til þess fallin að valda brotþola hræðslu eða kvíða. Er háttsemin í ákærulið 1 talin varða við 232. gr. a og 233. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í *ákærulið 2* er ákærðu gefið að sök að hafa á tímabilinu 22. júlí til 27. júlí 2023 sett sig í samband við brotþola með því að senda honum sjö óvelkomna tölvupósta, og háttsemin hafi verið til þess fallin að valda brotþola hræðslu eða kvíða, þrátt fyrir að henni hafi verið bannað að setja sig í samband við

hann, sbr. ákvörðun um nálgunarbann 22. júní 2023. Er háttsemin í ákærulið 2 talin varða við 232. gr. a og 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga. Loks er ákærðu gefið að sök í ákærulið 3 að hafa, á tímabilinu maí til júní 2023, skráð sig inn á Facebook-aðgang brotþola og í hans nafni skrifað 35 ærumeiðandi ummæli um hann á vegg aðgangs hans og sent 35 aðilum á vinalista brotþola á Facebook skilaboð með ærumeiðandi ummælum og einnig skrifað fern ærumeiðandi ummæli um hann á Facebook-aðgangi ákærðu, sem hafi verið til þess fallin að meiða æru brotþola á stórfelldan hátt. Er háttsemin í ákærulið 3 talin varða við 233. gr. b almennra hegningarlaga.

26. Ákærða neitar sök samkvæmt ákæru og hefur fyrir dóminum kosið að tjá sig ekki um það sem henni er gefið að sök í ákæru. Hjá lögreglu viðurkenndi ákærða að hafa sent brotþola þá tölvupósta sem bornir voru undir hana í skýrslutökum 17. maí og 23. júní 2023, sbr. ákærulið 1, og jafnframt að hafa tekið yfir Facebook-reikning brotþola og sett færslur á vegg hans þar, sem og á vegginn á Facebook-reikningi ákærðu sjálfrar og enn fremur að hafa sent skilaboð á aðila á vinalista brotþola, sbr. ákærulið 3. Þá viðurkenndi ákærða í skýrslutöku hjá lögreglu 2. ágúst 2023 að hafa sent sex tölvupósta sem bornir voru undir hana og ákært er fyrir í ákærulið 2.
27. Við aðalmeðferð málsins kom fyrst fram krafa ákærðu um frávísun ákærunnar frá dómi á þeim grunni að hún uppfylli ekki skilyrði c-liðar 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Er byggt á því af hálfu ákærðu að algert lykilatriði vanti í verknaðarlýsingu ákærunnar, en það séu ummælin í tölvupóstunum og færslunum/skilaboðunum sem ákært sé fyrir í ákæruliðum 1 og 3 og talin séu fela í sér stórfelldar ærumeiðingar þannig að varði við 233. gr. b almennra hegningarlaga. Að sama skapi skorti einnig á að verknaðarlýsingin beri með sér að umræddir tölvupóstar í ákæruliðum 1 og 2 séu til þess fallnir að valda brotþola hræðslu eða kvíða þannig að varði við 232. gr. a sömu laga. Af hálfu ákæruvaldsins er byggt á því að þar sem um svo mikið magn af tölvupóstum og ummælum sé að ræða hafi verið ófært að telja það allt upp í ákæruskjalinu. Póstarnir, færslurnar og skilaboðin með ummælunum liggi öll fyrir í gögnum málsins og ekkert bendi til þess að vörnum ákærðu hafi verið áfátt vegna þess að ummælin séu ekki tilgreind í ákæruskjalinu. Þá séu samkvæmt lögskýringargögnum meiri líkur á að skilyrðum 233. gr. b almennra hegningarlaga sé talið fullnægt ef um mikinn fjölda ummæla sé að ræða eins og í þessu máli.
28. Ákvæði 233. gr. b almennra hegningarlaga kveður á um að sá sem móðgar eða smánar maka sinn eða fyrrverandi maka, barn sitt eða annan mann sem er nákominn geranda,

og verknaður verði talinn fela í sér stórfelldar ærumeiðingar, skuli sæta fangelsi allt að tveimur árum. Ákvæðið kom nýtt inn í almenn hegningarlög við gildistöku laga nr. 27/2006. Í athugasemdum með 3. gr. frumvarpsins sem varð að lögum nr. 27/2006 kemur fram að móðgun og smánun í skilningi ákvæðisins geti hvort tveggja átt sér stað í orðum eða athöfnum. Þá er undirstrikað að refsinaemi verknaðar samkvæmt ákvæðinu sé bundið við stórfelldar ærumeiðingar, og því falli ærumeiðing sem ekki verður talin stórfelld utan gildissviðs ákvæðisins. Markmið ákvæðisins sé einkum að sporna við því að höfð séu í frammi ummæli eða athafnir milli nákominna sem taldar verða á grundvelli almenns og hlutlægs mælikvarða fela í sér stórfelldar ærumeiðingar, og eru þar í dæmaskyni nefndar athugasemdir eða athafnir sem beinast að útliti, persónulegum eiginleikum eða hátterni brotþola. Þá segir í athugasemdunum að meiri líkur verði taldar á því að fullnægt sé skilyrðinu um stórfelldar ærumeiðingar ef fyrir liggur að móðgandi eða smánandi orðbragð eða athafnir á milli nákominna sé endurtekið eða að aðstæður séu að öðru leyti þess eðlis að móðgun eða smánun verður talin alvarleg skerðing á friðhelgi brotþola. Af þessu leiði að almennt þurfi talsvert mikið til að koma að einstakar athugasemdir eða athafnir á milli nákominna eða önnur einangruð tilvik fullnægi þessu skilyrði en leggja þurfi sem fyrr heildstætt mat á hvert tilvik fyrir sig.

29. Ákvæði 232. gr. a almennra hegningarlaga kveður á um að hver sem endurtekið hótar, eltir, fylgist með, setur sig í samband við eða með öðrum sambærilegum hætti situr um annan mann og háttsemin er til þess fallin að valda hræðslu eða kvíða skuli sæta sektum eða fangelsi allt að fjórum árum. Ákvæðið kom nýtt inn í almenn hegningarlög við gildistöku laga nr. 5/2021. Í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins sem varð að lögum nr. 5/2021 kemur m.a. fram að aðferð sem beitt er við umsáturseinelti þurfi ekki að fela í sér sjálfstæðan refsiverðan verknað heldur geti hegðun, sem ein og sér er ekki refsiverð, orðið það ef hún er endurtekin. Í dæmaskyni er nefnt í athugasemdunum að háttsemin geti falist í því að fylgja eftir eða elta annan mann ítrekað, koma á samskiptum eða sambandi við annan mann í óþökk hans eða með því að láta annan mann vita að fylgst sé með honum. Jafnframt er m.a. nefnt sem dæmi að fylgja manni eftir í netheimum, svo sem á spjallborðum eða netsamfélagsmiðlum.
30. Ákvæði 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga var lögfest í núverandi mynd í kjölfar setningar laga nr. 85/2011 um nálgunarbann og brottvísun af heimili og kveður á um refsingu ef brotið er gegn nálgunarbanni eða brottvísun af heimili sem ákvarðað er

samkvæmt fyrrgreindum lögum. Varðar slíkt sektum eða fangelsi allt að einu ári, en sé brot ítrekað eða stórfellt getur refsing orðið fangelsi allt að tveimur árum.

31. Samkvæmt c-lið 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 skal í ákæru greina svo glöggst sem verða má hver sú háttsemi er sem ákært er út af, hvar og hvenær brotið er talið framið, heiti þess að lögum og aðra skilgreiningu og loks heimfærslu þess til laga og stjórnvaldsfyrirmæla ef því er að skipta. Teljist ákæra ekki uppfylla þessar lágmarkskröfur um skýrleika, sem fram koma í c-liðnum, leiðir það til frávísunar málsins frá dómi. Í æðri dómaframkvæmd hér á landi hafa þessi lagafyrirmæli verið skýrð með þeim hætti að lýsing á þeirri háttsemi sem ákærðum manni er gefin að sök í ákæru verði að vera svo greinargóð og skýr að hann geti ráðið af henni hvaða háttsemi hann er sakaður um og við hvaða ákvæði refsilaga hann er talinn hafa gerst brotlegur. Mega ekki vera slík tvímæli um það hverjar sakargiftir eru að ákærða verði torvelt að taka afstöðu til þeirra og halda uppi vörnum. Verður ákærði að geta ráðið þetta af ákærinni einni og breytir þá engu hvort honum megi vegna rannsóknar málsins vera ljósar sakargiftirnar, ef þeim eru ekki gerð fullnægjandi skil í ákæru. Er hér um að ræða grundvallarreglu sem lýtur öðrum þræði að réttlátri málsmeðferð í merkingu 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 8. gr. laga nr. 97/1995, og 1. mgr. og a-liðar 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu (MSE), sbr. lög nr. 62/1994. Þá verður ákæra að þessu leyti að vera svo skýr að dómara sé kleift af henni einni að gera sér grein fyrir því hvað ákærði er sakaður um og hvernig sú háttsemi verði talin refsiverð svo unnt sé að leggja efnisdóm á mál, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008. Er af þessu ljóst að ákæra bindur ávallt hendur dómsins, enda verður ákærði ekki sakfelldur fyrir aðra háttsemi en fram kemur í ákærinni, sbr. síðast greint lagaákvæði.

32. Það veltur nánar á atvikum máls og eðli meintra brota hversu ríkar kröfur eru gerðar um skýrleika verknaðarlýsingar í ákæru. Í sumum tilvikum er unnt að greina í ákæru ítarlega frá stað og stund brots og hvernig það er framið. Í öðrum tilvikum verður þessu ekki komið við með sama móti og það getur m.a. átt við þegar sú refsiverða háttsemi sem ákærða er gefin að sök er álitin felast í fleiri hliðstæðum athöfnum í nánnum tengslum í tíma og rúmi (framhaldsbrot) eða þegar samverknaður er um brot. Í slíkum tilvikum getur verið óhjákvæmilegt að sakargiftum í ákæru sé lýst með almennari hætti en í öðrum tilvikum. Þótt þetta eigi sér trausta stoð í dómaframkvæmd verður allt að einu að gera svo ríka kröfu til skýrleika verknaðarlýsingarinnar að ákærða sé kleift að taka afstöðu til sakargifta og halda uppi viðhlítandi vörnum, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr.

88/2008 og a-lið 3. mgr. 6. gr. MSE. Þá verður að gera þær kröfur til ákæru að hún endurspegli sem best þá háttsemi ákærða sem rannsókn er talin hafa leitt í ljós. Verður þannig að skýra ákvæði c-liðar 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 svo að í ákæru skuli tilgreina þá háttsemi sem ákærða er gefin að sök með eins nákvæmum hætti og mögulegt er út frá þeim rannsóknargögnum sem fyrir liggja hverju sinni.

33. Hér að framan er rakið að ákærðu er gefið að sök í ákærulið 1 að hafa sent 222 óvelkomna tölvupósta úr tveimur nánar tilgreindum netföngum, sem ákærða hefur staðfest að tilheyra henni, í netfang brotaþola, og að tölvupóstarnir hafi innihaldið m.a. hótanir og móðganir sem hafi falið í sér stórfelldar ærumeiðingar og enn fremur að háttsemin hafi verið til þess fallin að valda brotaþola hræðslu eða kvíða. Ekki er í ákærunni tilgreint með nánari hætti hvað tölvupóstarnir hafi innihaldið sem hafi falið í sér stórfelldar ærumeiðingar og verið til þess fallið að valda hræðslu eða kvíða. Í röksemdum ákæruvaldsins við aðalmeðferð kom fram að það væri vegna þess að fjöldi tölvupóstanna hefði verið svo mikill að ákæruvaldið hafi talið ómögulegt að gera því nánari skil í verknaðarlýsingu ákærunnar.
34. Ákærða og brotaþoli höfðu verið í sambandi um nokkurra ára skeið áður en þau gengu í hjónaband í desember 2022. Þau slitu samvistum 27. mars 2023 og sú háttsemi sem ákært er fyrir í málinu átti sér stað í kjölfar þess. Eðli sambands þeirra var því þannig að það fellur undir 233. gr. b almennra hegningarlaga.
35. Eins og rakið er að framan er refsínæmi verknaðar samkvæmt 233. gr. b almennra hegningarlaga bundið við stórfelldar ærumeiðingar. Verður ákærða því ekki sakfelld samkvæmt ákvæðinu nema talið verði sannað að ummælin í tölvupóstunum feli í sér stórfelldar ærumeiðingar. Til þess að ákærðu sé unnt að taka til varna með fullnægjandi hætti verður að mati dómsins að tilgreina í ákærunni sjálfri þau ummæli sem talin eru fela í sér stórfelldar ærumeiðingar, eða í það minnsta að tilgreina þar einhver slík ummæli í dæmaskyni. Hefði þetta t.d. verið unnt að gera með vísan til d-liðar 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008, þar sem kemur fram að ef þörf krefur skuli í ákæru greina svo glöggt sem verða má þær röksemdir sem málsóknin er byggð á, svo sem ef mál er flókið eða umfangsmikið, en röksemdafærslan skal þá vera gagnorð og svo skýr að ekki fari á milli mála hverjar sakargiftir eru. Eru mörg dæmi úr dómaframkvæmd þar sem tilgreind eru í ákæru ummæli og svo vísað til fleiri álíka, sem ekki eru tilgreind sérstaklega. Vísast til hliðsjónar í þessu sambandi til dóms Landsréttar 26. febrúar 2026 í máli nr. 365/2025. Í ákæru þess máls voru tilgreind fern ummæli og svo vísað til „fleiri álíka“. Landsréttur

lagði mat á ummælin sem voru tilgreind í ákærinni og taldi einungis ein þeirra fela í sér stórfellda ærumeiðingu. Til þess að dómstólar geti framkvæmt þetta mat verða ummælin, eða í það minnsta dæmi um helstu ummæli, að koma fram í verknaðarlýsingu ákærunnar. Dugar þar ekki að ummælin sé unnt að finna í rannsóknargögnum málsins, enda verður ákærði ekki sakfelldur fyrir aðra hegðun en í ákæru greinir, sbr. 180. gr. laga nr. 88/2008.

36. Að sama skapi hefði að mati dómsins þurft að tilgreina þau ummæli í ákærulið 3 sem talin eru stórfelldar ærumeiðingar. Í þeim ákærulið er ákært sérstaklega fyrir 35 ærumeiðandi ummæli um brotþola á tímabilinu maí til júní 2023 sem skrifuð hafi verið á hans vegg á Facebook og fern ummæli skrifuð á vegg ákærðu á Facebook og jafnframt að hafa sent á sama tímabili 35 aðilum skilaboð með ærumeiðandi ummælum og kemur fram í verknaðarlýsingunni að ummælin hafi verið til þess fallin að meiða æru brotþola á stórfelldan hátt. Í þessum ákærulið er ekki heldur gerð nein tilraun til þess að tilgreina ákveðin ummæli, ekki einu sinni í dæmaskyni. Er ákærðu þannig gert verulega erfitt fyrir um að taka til varna.
37. Eins og rakið er að framan skiptir miklu máli að hlutlæg umgjörð verknaðarlýsingar sé svo skýr og greinargóð að ákærða geti tekið til varna, og þá ekki síður, eins og hér stendur á, að dómstólum sé unnt að leggja dóm á málið með fullnægjandi hætti út frá ákærinni. Að mati dómsins skortir verulega á að þessi atriði séu í því horfi í ákæruliðum 1 og 3 að ákærða geti haldið uppi viðhlítandi vörnum að því er varðar meint brot gegn 233. gr. b í almennum hegningarlögum og jafnframt, út frá hinu sama, að dómstólar geti fjallað efnislega um þann þátt ákærunnar án þess að halli á ákærðu. Er samkvæmt þessu fallist á frávisunarkröfu ákærðu að því er varðar meint brot gegn 233. gr. b almennra hegningarlaga í ákæruliðum 1 og 3.
38. Í ákæruliðum 1 og 2 er ákærðu jafnframt gefið að sök umsáturseinelti samkvæmt 232. gr. a almennra hegningarlaga, annars vegar með því að hafa á tímabilinu 29. mars til 18. júní 2023 sent 222 óvelkomna tölvupósta til brotþola (ákæruliður 1) og hins vegar með því að hafa sent sjö óvelkomna tölvupósta til brotþola á fimm daga tímabili í júlí 2023 (ákæruliður 2). Við skoðun rannsóknargagna er að finna, eftir því sem næst verður komist, 208 tölvupósta frá tímabilinu 29. mars til 18. júní 2023. Þá eru í rannsóknargögnum sex tölvupóstar frá tímabilinu 22. júlí til 27. júlí 2023 en ekki sjö eins og ákært er fyrir. Er verknaðarlýsingu ákærunnar áfátt að þessu leyti.

39. Hér að framan er farið yfir ákvæði 232. gr. a almennra hegningarlaga um umsáturs-einelti. Samkvæmt ákvæðinu getur slíkt einelti farið fram með ýmsum hætti, m.a. með því að setja sig endurtekið í samband við annan mann í óþökk hans, svo sem með því að senda óvelkomna tölvupósta eins og hér er ákært fyrir. Það er hins vegar skilyrði samkvæmt ákvæði 232. gr. a að háttsemin sé til þess fallin að valda hræðslu eða kvíða. Eins og að framan er rakið er innihald þeirra tölvupósta sem um ræðir ekki rakið í ákærinni, utan almenns orðalags í ákærulið 1 um að þeir hafi innihaldið hótanir og móðganir sem hafi falið í sér stórfelldar ærumeiðingar. Í þinghaldi 29. apríl 2026 féll ákærvaldið hins vegar frá þessum hluta verknaðarlýsingar í ákærulið 2. Fyrir liggur að á því tímabili sem ákæran tekur til stóðu ákærða og brotþoli í skilnaði, sem þó hefur ekki enn gengið í gegn. Verður að telja að ekki sé óeðlilegt í sjálfu sér eða óalgengt að tölvupóstar, jafnvel töluverður fjöldi, gangi á milli hjóna sem eru að slíta samvistum. Þar sem verknaðarlýsing þessara ákæruliða tilgreinir ekki hvað tölvupóstarnir hafi innihaldið er að mati dómsins verulega erfitt að leggja mat á það hvort þessir endurteknu póstar hafi verið til þess fallnir, hlutlægt séð, að valda brotþola hræðslu eða kvíða. Þetta á að vera unnt að ráða af ákærinni einni og í málinu liggja fyrir gögn sem gerðu ákærvaldinu kleift að lýsa meintri refsiverðri háttsemi ákærðu með nákvæmari hætti en gert er. Þótt brotþoli hafi svarað játandi spurningum ákærvaldsins um hvort tölvupóstarnir hafi valdið honum hræðslu eða kvíða verður að mati dómsins að vera hægt að meta það út frá ákærinni hvort póstararnir hafi hlutlægt séð verið til þess fallnir að valda honum hræðslu eða kvíða. Það er því mat dómsins að verknaðarlýsing þessara ákæruliða sé ekki svo skýr og greinargóð að ákærða geti haldið uppi viðhlítandi vörnum. Verður ákæruliðum 1 og 2 samkvæmt þessu vísað frá dómi að því er varðar meint brot gegn 232. gr. a almennra hegningarlaga.

40. Ákærðu er í ákærulið 2 jafnframt gefið að sök að hafa brotið gegn nálgunarbanni sem henni var gert að sæta með ákvörðun lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu 22. júní 2023. Að framan er rakið að ákærða kaus að tjá sig ekkert um sakarefnið fyrir dómi og því er ekki við framburð hennar fyrir dómi að styðjast við úrlausn málsins. Á hinn bóginn staðfesti ákærða í skýrslutöku hjá lögreglu 2. ágúst 2023 að hún hafi sent sex tölvupósta sem bornir voru undir hana í skýrslutökunni. Þykir samkvæmt þessu unnt að byggja á framburði ákærðu þar um hjá lögreglu, og er sannað að hún hafi á tímabilinu 22. júlí til 27. júlí 2023 sent brotþola sex tölvupósta en ekki sjö, eins og ranglega greinir í ákærulið 2.

41. Með ákvörðun lögreglustjóra 22. júní 2023 var ákærðu m.a. bannað að setja sig í samband við brotþola, svo sem með atbeina samfélagsmiðla, og gildi bannið í þrjá mánuði frá birtingu ákvörðunarinnar fyrir ákærðu 23. júní 2023. Verður að telja, þótt það sé ekki beinlínis tilgreint í ákvörðuninni, að undir bannið falli einnig að setja sig í samband við brotþola í gegnum tölvupóst. Hefur ákærða með þessari háttsemi brotið gegn 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga og verður hún sakfelld fyrir það brot.
42. Með hliðsjón af öllu framangreindu er vísað frá dómi ákæruliðum 1 og 3, sem og þeim hluta ákæruliðar 2 sem varðar umsáturseinelti, en ákærða er sakfelld fyrir brot gegn nálgunarbanni samkvæmt ákærulið 2.

Ákvörðun refsingar

43. Ákærða er fædd í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dags. 15. desember 2025, á hún engan sakaferil að baki og er lítið til þess ákærðu til málsbóta. Þá hafa nokkrar tafir orðið á málinu á rannsóknarstigi sem ákærðu verður ekki kennt um. Að þessu virtu og með vísan til 5., 6. og 7. tl 1. mgr. og 3. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing vera hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar skilorðsbundið eins og nánar greinir í dómsorði.

Einkaréttarkrafa

44. Af hálfu brotþola er gerð krafa um greiðslu miskabóta að fjárhæð 1.500.000 krónur, auk vaxta eins og nánar greinir í bótakröfunni sem tekin er upp í ákæru. Þá er gerð krafa um hæfilegan lögmannskostnað í samræmi við tímaskýrslu.
45. Ákærða hefur nú verið sakfelld fyrir brot gegn nálgunarbanni, sbr. 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga, með því að hafa sent brotþola sex tölvupósta á tímabilinu 22. júlí til 27. júlí 2023, en öðrum sakargiftum hefur verið vísað frá dómi. Brotþoli á samkvæmt þessu rétt til miskabóta úr hendi ákærðu á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Við ákvörðun miskabóta verður horft til þess að ákærða er einungis sakfelld fyrir lítinn hluta sakargifta, sem og þess að engin gögn hafa verið lögð fram um meintar andlegar afleiðingar sem brot ákærðu hafi haft fyrir brotþola. Að þessu virtu, og atvikum máls að öðru leyti, þykja miskabætur til handa brotþola hæfilega ákveðnar 150.000 krónur. Ekki verður séð að bótakrafan hafi verið birt ákærðu fyrr en við birtingu fyrir kalls 15. janúar 2026. Samkvæmt því skulu dæmdar miskabætur bera vexti samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 27. júlí 2023 til 15.

febrúar 2026, en dráttarvexti samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

46. Þá á brotaþoli rétt á málskostnaði úr hendi ákærðu, sbr. 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008, svo sem hann hefur krafist. Þykir málskostnaður brotaþola, með hliðsjón af tímaskýrslu lögmanns hans, Sigurðar Freys Sigurðssonar, og viðmiðunarreglum dómstólaráðs nr. 1/2026, vera hæfilega ákveðinn 883.500 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Sakarkostnaður

47. Með vísan til úrslita málsins og 1. mgr. 235. gr., sbr. 233. gr., laga nr. 88/2008 verður ákærða dæmd til að greiða 1/5 hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar lögmanns, sem í heild nema 2.120.400 krónum að teknu tilliti til virðisaukaskatts, en 4/5 hlutar greiðast úr ríkissjóði. Þá greiðist úr ríkissjóði annar sakarkostnaður að fjárhæð 90.396 krónur samkvæmt heildaryfirliti um sakarkostnað, en um er að ræða þóknun Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns sem var viðstödd skýrslutöku af ákærðu 17. maí 2023.
48. Af hálfu ákæruvaldsins flutti mál þetta Kamilla Kjerúlf aðstoðarsaksóknari.
49. Guðrún Sesselja Arnardóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Vísað er frá dómi ákæruliðum 1 og 3 og þeim hluta ákæruliðar 2 sem varðar umsáturseinelti samkvæmt 232. gr. a almennra hegningarlaga.

Ákærða, X, sæti fangelsi í 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða greiði brotaþola, A, 150.000 kr. í miskabætur, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 27. júlí 2023 til 15. febrúar 2026, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, og 883.500 krónur í málskostnað.

Ákærða greiði 1/5 hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar lögmanns, sem í heild nema 2.120.400 krónum, en 4/5 hlutar

málsvarnarlaunanna greiðist úr ríkissjóði. Annar sakarkostnaður að fjárhæð 90.396 krónur greiðist úr ríkissjóði.

Guðrún Sesselja Arnardóttir